

Heiðmörk lok- að allri umferð

SKÓGRÆKTARFÉLAG Reykjavíkur, sem annast alla umsjón með Heiðmörk, hefur ákveðið að loka Heiðmörkin fyrir allri umferð. Verður hún lokað meðan

þurrviðrið, sem staðið hefur yfir undanfarna daga, helzt, en að sögn Vignis Sigurðssonar eftirlitsmanns er nú mjög mikil eldhætta þar.

— Mjög mikil umferð var um Heiðmörkina á fimmtudag og talið er að eldur hafi komið þar upp vegna þess að fólk fór óvarlega með sigarettur, sagði Vignir, og það hefur sýnt sig nú í máímánuði að eldur breiðir sig mjög hratt út enda mjög þurrt, ekki hefur rignt nema 5 mm allan mánuðinn.

Skógurinn sem brunnið hefur í Heiðmörk að undanfögnu er að verðmæti hundruð milljóna, segir í frétt frá Skógræktarfélaginu og hvetur félagið fólk til að fara mjög farlega með eld, en á svæðum þeim sem brunnið hafa, hafa sjálfbóðaliðar unnið mikið starf að gróðursetningu.



Mikill snjór í Siglufirði

— NÚ ER allt að 4 m djúpir skaflar sums staar í bænum en um helgina bætti við miklum snjó, sagði fréttaritari Mbl. í Siglufirði í samtali við Mbl. Varað var við snjóflóðahættu um helgina og sagði fréttaritarinn, að smáflóð hefðu fallið austan megin í firðinum, en ekki valdið tjóni.

Um færðina sagði hann, að hún væri tekin að lagast eftir að rutt hefði verið á sunnudag, en þó yrði að gæta fyllstu varúðar á ferðum til og frá Siglufirði. — Annars er hérna 12 stiga hiti í dag og þótt ekki sjái til sólar erum við Siglufirðingar ekkert sérstaklega svartsýnir, enda höfum við aldrei verið það og teljum að brátt hljóti að bregða til betri tíðar.



Kári Jónasson.

Kári Jónasson endurkjörinn formaður BÍ


KÁRI Jónasson fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu var endurkjörinn formaður Bláamannafélags Íslands á aðalfundi félagsins s.l. miðviku-dag. Kosning Kára markar þáttaskil hjá félaginu, því með henni er rofin sú áratuga hefð að formennska í félaginu skiptist árlega milli blada, útvarps og sjónvarps samkvæmt ákveðinni röð.

Í ræðu formannsins kom fram að á síðasta starfsári festi Bláamannafélag Íslands kaup á hluta 3. hæða húseignarinnar Síðumúli 23. Kaupin á húseigninni var það sem hæst bar á starfi félagsins á s.l. ári enda hefur félagið ekki áður haft yfir eigin húsnæði að ráða. Það kom enn fremur fram á fundinum, að stada sjóða félagsins er góð.

Auk Kára Jónassonar voru kjörin í stjórn þau Bragi Guðmundsson Vísi, sem er varaformaður, Friða Björnsdóttir Tímanum, Sigtryggur Sigtryggsson Morgunblaðinu,

Ómar Valdimarsson Dagblaðinu, Einar Örn Stefánsson Þjóðviljanum og Jón Óskar Hafsteinsson Helgarpóstinum. Í varastjórn voru kjörnir Steinar J. Lúðvíksson Íþróttablaðinu, Róbert Ágústsson Tímanum og Jónas Haraldsson Dagblaðinu.

Í launamálanefnd voru kjörin Sigtryggur Sigtryggsson Morgunblaðinu, Elías Snæland Jónsson Vísi, Friða Björnsdóttir, Tímanum, Guðjón Arngrímsson Helgarpóstinum og Einar Karlsson Þjóðviljanum.



Kári Eiríksson ásamt einu málverkanna sem til sýnis verða á Kjarvalsstöðum.

Sýnir 72 málverk á Kjarvalsstöðum

KÁRI Eiríksson opnar í dag málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Kafi sýnir þar 72 olfumálverk öll unnin á síðast liðnum tveimur árum.

Kári Eiríksson er fæddur árið 1935 á Þingeyri við Dýrafjörð. Hann hefur stundað nám í Reykjavík, Kaupmannahöfn,

Flórens, Róm, Mexíkóborg og New York. Hann hefur haldið 4 einkasýningar erlendis, síðast í Genf í Sviss árið 1974.

Fyrsta sýning Kára hér heima var í Listamannaskálanum við Kirkjustræti árið 1959 og síðast á Kjarvalsstöðum árið 1973 en hann var fyrsti maðurinn til að taka Kjarvalsstaði á leigu.

Sýningin sem Kári opnar í dag er fimmta málverkasýning hans hér heima. Þar gefur á að líta verk máluð í gamla stíl Kára, „stemningar“, en einnig nýjan stíl sem hann hefur tileinkað sér, „geislabylgjuna“. Á sýningunni eru einnig tvær myndaraðir sem höfundur hefur kallað „skaflaserian“ og „grænaserian“.


Rauði kross Íslands:

Alþjóðlegt neyðarvarnanám- skeið á Þingvöllum um helgina

„EFNI þessa neyðarvarnanámskeiðs er skipulag Rauða krossins, alþjóðlegt hjálparstarf, starf sendifulltrúa Rauða krossins og þau vandamál sem við er að glíma á hinum ýmsu stöðum í veröldinni.“ Þetta kom fram í máli Sverre Kilde, frá alþjóðasambandi Rauða krossins varðandi námskeiði í alþjóðlegu neyðarvarna- og hjálparstarfi sem stendur yfir á Þingvöllum um þessa helgi. Sverre Kilde og René Carillo frá alþjóðasambandi Rauða krossins og J.P. Munoir frá alþjóðaráði Rauða krossins eru kennarar á þessu námskeiði auk þeirra Guðjóns Petersens, Ingunnar Sturlausdóttur og Eggerts Ásgeirssonar.

Á blaðamannafundi sem stjórn Rauða kross Íslands efndi til í tilefni námskeiðsins kom fram að hingað til hafa Svisslendingar svo til einvörðungu verið notaðir til hjálparstarfs þar sem ófriður á sér stað. Alþjóðaráðið hefur hins vegar leitast við á síðari árum að fá þjálfað lið frá Norðurlöndunum, en Sviss og Norðurlönd eiga það sam-eiginlegt að njóta viðurkenningar á alþjóðavettvangi sem fríðsamar smáþjóðir og eiga því auðveldara

með að fá viðurkenningu hinna ýmsu stríðandi aflu en margar stærri þjóðir, að því er fram kom á blaðamannafundinum.



Leifur Dungal lækni fer á næstunni til starfa í Rhódesíu á vegum alþjóðaráðs Rauða krossins.

Nýlega var haldinn í Helsinkí fundur um þessi mál og var þar samþykkt áætlun um þjálfun hjálparliðs. Áætlunin verður í þremur þrepum og verður hið fyrsta hjá hverju landsfélagi. Námskeiðið á Þingvöllum er einmitt slíkt námskeið. Annað þrep er síðan svæðanámskeið þar sem grannlönd sam-einast um þjálfunina. Síðasta þrep er fyrir þá sem lengst komast og er haldið í Genf.

Loks má geta þess að Íslenskur lækni, Leifur Dungal, fer til starfa í Rhódesíu innan skamms á vegum alþjóðaráðs Rauða krossins. Auglýst var eftir þátttöku íslenskra lækna og varð það úr að Leifur færi til starfa þar í þrjá mánuði. Hann sagði á blaðamannafundinum í gær að í Rhódesíu væri við geysilegt flóttamannavandamál að etja vegna ófriðarástandsins í landinu og hundruð þúsunda eru heimilislausir.

Leifur tekur fyrst þátt í neyðarvarnanámskeiðinu á Þingvöllum, en að því loknu fer hann til Rhódesíu um Kaupmannahöfn og Genf þar sem hann tekur við fyrirmælum og leiðbeiningum um starfið.

Ítalía — Lignano Sabbia d'oro

Nú er sumarið komið á „Gullnu ströndinni“ og gróðurinn ferskur og ilmandi.
Brottför 26. maí — uppselt, en láein sæti laus í næstu brottför 17. júní — 3 vikur.

Gisting í rúmgóðum og björtum íbúðum LUNA Residence.

Kynniferðir m.a. til Feneyja, Garda, Friuli-ferð o.m.fl.



Austurhlí 17,
Símar 26311 og 26100

